



Annar fundur Græns teymis fimmtudaginn 6. apríl. 2018 kl. 8:10

Fundarmenn: Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Lína Björg Tryggvadóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Farið yfir Framkvæmdaráætlun og farið yfir það sem mætti breyta. Ýmsar tillögur komu sem verkefnastjóri mun fara yfir og setja inn eins og á við.
2. Farið yfir stöðu mála varðandi Facebook síðu Plastpokalausir Vestfirðir. – Ekki er hægt að breyta heiti á síðu og því þarf að gera nýja síðu sem bera skal heitið Umhverfisvottaðir Vestfirðir. Verkefnastjóri vinnur áfram að verkefninu og gefur grænu teymi umboð til að setja inn fréttir tengdar umhverfisvottun.
3. Farið yfir stöðu mála varðandi kynningar hjá sveitarfélögum á Grænum skrefum. Búið er að kynna skrefin fyrir Súðavíkurborg og Ísafjarðarbæ og hefur verkefnið hlotið góðan hljómgrunn. Kynning á skrefunum fyrir Vesturbyggð mun fara fram 7. apríl í gegnum Skype fund og fyrir Bolungarvíkurkaupstað þann 25. apríl. Verkefnastjóri þarf að ræða við sveitarfélögin um það hver á að bera ábyrgð á verkefninu innan sveitarfélagsins.
4. Farið yfir skipurit og skipunarbréf verkefnastjóra. Verkefnastjóri mun senda áfram til Framkvæmdarráðs til samþykktar.
5. Fjallað um hvernig nýta eigi styrk frá Umhverfisráðuneytinu upp á 800 þúsund kr. er verkefnið hlaut í febrúar 2017. Varpað upp hugmynd um að fá aðila sem myndi fjalla um umhverfisvitund fyrir íbúa í á árinu 2017. Verkefnastjóri fari í kynningarferð í september og leggi áherslu á að hitta starfsmenn sveitarfélaganna og einnig skuli vera haldinn einn kynningarfundur fyrir íbúa á hverjum stað. Varðandi kynningu á landsvísu þarf að koma inn fréttum í miðla og einhverjum fundum á stórreykjavíkursvæðinu sem talist getur kynning á verkefninu. Einnig skal nýta Facebook til kynningar en hægt er að boosta frétt upp og greiða fyrir. Grænt teymi beðið um að aðstoða við þessa kynningar.
6. Önnur mál. Fjallað um hvernig hægt er að gera kynningar varðandi verkefnið Umhverfisvottaðir Vestfirðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30. Næsti fundur áætlaður kl. 8:10 mánudaginn 31. maí. 2018.